

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 9999. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 22. september 2016 og hófst hann kl. 09:00.**

**Fundinn sátu:**

Pétur Steinar Jóhannsson Nefndarmaður, Brynja Mjöll Ólafsdóttir Varamaður, Guðmundur Ólafsson Varamaður, Halldór Kristinsson Nefndarmaður, Illugi Jens Jónasson Nefndarmaður, Davíð Viðarsson Embættismaður og Ásdís Lilja Pétursdóttir Ritari.

**Fundargerð ritaði:** Ásdís Lilja Pétursdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

**Dagskrá:**

**1. 1511005 - Hótel Búðir\_drög að skipulagslýsingu v.stækkunar hótels. Ósk um samþykki fyrir auglýsingu á skipulagslýsingu**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagið ásamt svörum við athugasemdum samkvæmt 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og óskað er eftir því að gögn verði send Skipulagsstofnunnar áður en auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

Nefndin fer fram á að fornleifafræðingur geri deiliskráningu á deiliskipulagssvæðinu áður en framkvæmdir hefjast.

**2. 1609003 - Arnarfell, Arnarstapa\_sótt um óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Arnarfell-fjölgun smáhýsa**

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu og bendir á að umsækjandi stendur að miklum framkvæmdum á svæðinu nú þegar sem ekki er lokið. Fara þarf hægt í uppbyggingu ferðaþjónustu á viðkvæmu svæði eins og Arnarstapa.

**3. 1609001 - Grundarbraut 44\_glugga- og svalahurðaskipti**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

**4. 1609002 - Vallholt 10\_umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingu á opnanlegum fögum og færa svalahurð skv. teikningu**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

**5. 1609004 - Sandahraun 7\_viðbygging við Sjóminjasafnið á Hellissandi**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

**6. 1609005 - Gámasvæði Rifi\_Litlalón ehf. sækir um leyfi fyrir 2 gáma.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:50.**